



Glæsilegur árangur liðs FG í Gettu betur

Lið FG hafði betur gegn liði Verzlunarskólans og er því komið í undanúrslit. Keppnin við Verzlunarskólann var í beinni útsendingu í sjónvarpi og var afar spennandi. Lið Verzlunarskólans var yfir eftir hraðaspurningar en eftir það var nokkuð jafnt á með liðunum. Að lokum seig lið FG fram úr og lauk keppninni með 39—32 fyrir FG. Áður hafði lið FG unnið Menntaskólann við Sund og lið Framhaldsskólans á Húsavík. Undanúrslit fara svo fram 15. og 16. mars nk.

Í liði FG eru Guðrún Kristín Kristinsdóttir, Gunnlaugur Hans Stephensen og Jóel Ísak Jóelsson. Við óskum þeim til hamingju og erum stolt af árangri þeirra og óskum þeim áframhaldandi velfarnaðar.

Imbra

Nú er Imbran hafin. Það er sá tími sem kennslan er brotin upp á vorönn og boðið upp á fjölda ólíkra viðfangsefna.

Nánar má sjá um dagskrá Imbrudaga [hér](#).

Árshátíð NFFG og vorannarfrí

Árshátíð NFFG fer fram á morgun miðvikudag og verður í TM höllinni. Þetta er í fyrsta skipti sem árshátíð NFFG fer fram í Garðabæ. Það er von okkar að vel takist til og nemendur okkar skemmti sér vel.

Að venju er árshátíðarmaturinn í Urðarbrunni og er nemendum boðið að vera áfram í skólanum eftir matinn þangað til að ballið byrjar. Jón Jónsson tónlistarmaður mun vera með nemendum og sjá um fjörið.

Fyrir árshátíðina er oft mikið um samkvæmi í heima-húsum og ekkert við því að segja en við hvetjum foreldra til að vera viðstadda og ganga úr skugga um að þar fari allt vel fram.

Á fimmtudag og föstudag er vorannarfrí og því engin starfsemi í skólanum.

Nánar má sjá um árshátíðina [hér](#).



Frumskýning á Pétri Pan

Á morgun miðvikudaginn 21. feb. frumsýnir leikfélagið Verðandi söngleikinn Pétur Pan. Á Facebook síðu leikfélagsins stendur eftirfarandi:

Pétur Pan er mættur aftur á íslenskt leiksvið og nú í splunkunýrri söngleikjauppfærslu leikfélagsins Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Þegar Pétur Pan hittir Vöndu og systkini hennar eftir ærslafenginn eltingaleik við skuggann sinn upphefst spennandi ferðalag sem leiðir börnin á nýjar og ókunnar slóðir. Þau fylgja Pétri Pan og Skellibjöllu til Hvergilands þar sem sjóræningjar, frumbyggjar, týndir krakkar og óvæntar uppákomur bíða þeirra.

Frumsamín tónlist og dansar setja þessa tímalaus sögu í litríkan búning og gera hana að töfrandi skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Nánar má lesa um sýninguna og sýningartíma [hér](#).

